

DV-30.10.89

Landsfundur Kvinnalista:

Kvinnalistakonur tilbúnar að taka sæti í bankaráðum

Kvinnalistakonur segja stöðu konunnar ekki hafa batnað á íslenska vinnumarkaðnum og að konur verði fyrst atvinnulausar. Kvinnalistakonur vilja ekki binda kvótann við skip í sjávarútvegi, þær vilja sérstaka kvennadeild í Byggðastofnun, þær hvetja konur í öllum landshlutum til að fara í framboð í sveitarstjórnarkosningum í vor, þær hafa endurskoðað afstöðu sína til bankaráða og eru nú tilbúnar að setjast í bankaráð, þær mótmæla öllum áforum um byggingu kjarnorkuvers í Dounreay í Skotlandi og vilja að Íslendingar hugleiði að hætta að selja fisk til Bretlands í mótmælaskyni. Þetta bar hæst á þriggja daga landsfundi Kvinnalistans á veitingastaðnum Bási í Ölfusi sem lauk seinnipartinn í gærðag.

Að sögn Kristínar Sigurðardóttur, sem skipar þriðja sæti Kvinnalistans á Reykjanesi, er áberandi að launamunur er enn geysilegur á milli karla og kvenna á vinnumarkaðnum. „Staða kvenna hefur hvorki batnað launalega né stöðulega. Og það er áberandi að konur finna fyrst fyrir atvinnuleysi.“

Samþykkt var tillaga um stofnun sérstakrar kvennadeildar innan Byggðastofnunar. Vill Kvinnalistinn að þessi deild fái 20 prósent af því


fjármagni sem stofnunin fær frá ríkinu.

Í sjávarútvegsmálum segir Kristín Sigurðardóttir að Kvinnalistinn sé ósáttur við núverandi stefnu. Hann vilji að kvótinn sé ekki bundinn við skip heldur útgerðarfélög og vinnslustöðvar. „Við viljum leyfa sölu á kvóta en jafnframt að honum sé úthlutað á grundvelli byggðasjónarmiða.“

Kristín segir ennfremur að Kvinnalistinn stefni að því að fá konur sem víðast á landinu í sveitarstjórnir. „Konur eiga enn á brattann að sækja. Ég get til dæmis nefnt að fundartímar í sveitarstjórnnum eru langflestir á tímabilinu á milli klukkan 5 og 7 á kvöldin. Ef við setjum þetta í samband við könnun, sem gerð hefur verið og sýnir að konur í sveitarstjórnnum eiga að jafnaði þrjú börn, sjáum við hvað þessi fundartími þýðir margfalt álag á heimilunum.“

Að sögn Kristínar var mikið rætt um Evrópubandalagið og EFTA. „Við viljum hafa mikinn fyrirvara varðandi Evrópubandalagið og viljum ekki ganga í það. Það virðast ekki standa okkur til boða þær forsendur sem við getum samþykkt sem sjálfstæð þjóð, þetta á sérstaklega við í sjávarútvegsmálum.“

-JGH



Frá landsfundi Kvinnalistans um helgina. Kvinnalistinn telur að konur verði fyrst atvinnulausar. Kvinnalistakonur vilja stofna sérstaka kvennadeild í Byggðastofnun, þær eru tilbúnar að setjast í bankaráð og þær hvetja konur til að fara í framboð í sveitarstjórnarkosningunum að vori.

DV-mynd GVA